

25. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 11. nóvember og hófst hann kl. 09:00.**Fundinn sátu:**

Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

Fyrir var tekið:**1. Ásaljós**

Undir þessum lið mætti Guðmundur Daníelsson verkefnastjóri Ásaljóss og kynnti gang mála í lagningu ljósleiðara.

Áætlað er að jarðvegsvinnu ljúki í næstu viku og endanleg verklok verið í lok nóvember.

Stefnt að bjóða upp á upplýsingagjöf um notkun á ljósleiðaranum miðvikudaginn 18. nóvember frá kl. 16-19. Einnig verður hreppsnefndarfólk á staðnum til viðtals um málefni sveitarfélagsins.

2. Fundargerð 24. fundar hreppsnefndar

Fundargerð 24. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 14. október s.l. yfirfarin.

3. Fjárhagsáætlun 2016-2019 (fyrri umræða)

Undir þessum lið mætti Björgvin Guðmundsson frá KPMG. Hann kynnti drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2016-2019 og forsendur á bak við áætlunina.

Í kjölfar umræðna var fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu sem fer fram á næsti fundi hreppsnefndar.

Samþykkt.

4. Erindi til hreppsnefndar

- a) **Beiðni um styrktarlínu frá styrktarfélagi hjartveikra barna og ungmenna vegna útgáfu Neistans 2. tbl. 2015 .**

Samþykkt að veita styrktarlínu 9.000 kr.

- b) **Beiðni um styrktarlínu frá styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna vegna útgáfu, Börn með krabbamein 2. tbl. 2015.**

Samþykkt að veita styrktarlínu 9.000 kr.

- c) **Bréf frá sýslumanni á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um nýtt rekstarleyfi fyrir gististað í flokki II í sumarhúsi að Herríðarhóli.**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt enda samræmist starfsemin gildandi skipulagi en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

- d) **Fyrirspurn frá Skarphéðni Jóhannessyni vegna ljósleiðaravæðingu Ásahrepps.**

Oddviti fór yfir drög að svari. Hreppsnefnd samþykkir drögin og felur verkefnisstjóra og sveitarstjóra að svara erindinu. BJJ vék af fundi undir þessu erindi.

- e) **Beiðni um niðurfellingu á húsaleigu og 30.000 kr. styrk frá Kvenfélaginu Einingu í Holtum vegna aðventuhátíðar sem haldin verður á Laugalandi 29. nóvember n.k.**

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti niðurfellingu á afnotum á Laugalandi vegna hátíðarinnar.

Samþykkt með 3 atkvæðum (ES, EG og NJ) að veita hátíðinni styrk að upphæð 30.000 kr.

KÖ situr hjá.

BJJ greiðir atkvæði á mót.

f) Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, efni: Fjárhagsáætlun, viðaukar við fjárhagsáætlun og samanburður við niðurstöður ársreiknings 2014.

Sveitarstjóri kynnti drög að svarbréfi. Samþykkt að fela sveitarstjóra að svara erindinu í samstarfi við endurskoðanda sveitarfélagsins.

g) Beiðni frá Jafnréttisstofu um afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjóra falið að vinna að jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið og leggja fyrir hreppsnefnd á næsta fundi.

Samþykkt.

h) Beiðni um styrk til rekstur Stígamóta fyrir árið 2016.

Erindinu hafnað.

i) Beiðni frá Guðlaugu Jónu Hilmarsdóttur, félagsmálastjóra Árborgar um stuðning vegna „Framtíðarþing um farsæla öldrun á Suðurlandi“.

Erindinu hafnað.

j) Beiðni frá stjórn HSK um áframhaldandi fjárframalag frá sveitarfélögum á sambandssvæðinu árið 2016. Sótt er um kr. 270 á hvern íbúa, sem er sama upphæð og undanfarin ár.

Samþykkt.

k) Styrk beiðni frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna eldvarnaátaks slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Hafnað.

5. Fundargerðir

a) 76. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 11. sept. 2014 mál nr. 7 þarfnast umfjöllunar.

Mál nr. 7 201409765617 Vetleifsholt 2- ný 47,7 ha spilda (Vetleifsholt 3)

Lagt fram erindi eigenda Vetleifsholts 2 landnr. 165321 í Ásahreppi dags. 4. september 2014 þar sem óskað er eftir að fá nýtt landnúmer á hluta jarðarinnar. Meðfylgjandi eru drög að lóðablaði sem sýnir 47,7 ha spildu, nefnda Vetleifsholt 3. Í erindinu kemur fram að verið sé að vinna að því að fá samþykki aðliggjandi landeigenda á afmörkun landamarka.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun spildunnar, með fyrirvara um lagfæringar á gögnum í samráði við skipulagsfulltrúa og samþykki Vegagerðarinnar á tengingu við þjóðveg. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

b) Fundargerð 28. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn, 22. október 2015.

Lagt fram til kynningar.

c) 98. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 22. okt. s.l. mál nr. 22 og 23 eru til kynningar.

Mál nr. 22. 1509007F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-15.

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. sept. s.l.

Mál nr. 23. 1510001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-16.

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. okt. s.l.

d) 18. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 21. okt. s.l.

Lagt fram til kynningar.

e) 29. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 26. okt. s.l.

Lagt fram til kynningar.

f) 36. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 3. nóvember sl.

Lagt fram til kynningar.

g) Fundargerð 29. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn, 5. nóvember 2015.

Lagt fram til kynningar.

h) 99. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 5. nóvember s.l. mál nr. 10 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 17 er til kynningar.

Mál nr. 10. 1508060 - Ásborg lnr. 220762, Ás 1 spilda 2 lnr. 220760 og Ás 1 land 1 lnr. 175232: Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 60 ha svæðis og þriggja spildna (Ásborg 220760, Ás 1 spilda 2 220760 og Ás 1 land 1 lnr. 175232). Á hverri spildu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, bílskúr/gestahús og skemmu. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Lýsing deiliskipulagsins var kynnt á tímabilinu 22. október til 4. nóvember.

Skipulagsnefnd mælir með að tillaga að deiliskipulagi verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga, með fyrirvara um umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu deiliskipulagsins.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Mál nr. 17 1510004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-17.

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 28. okt. s.l.

i) 20. fundur Viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 6. okt. s.l.

Lagt fram til kynningar.

j) 21. fundur Viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 26. okt. s.l.

Lagt fram til kynningar.

k) 172. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 28. okt. sl.

Lagt fram til kynningar.

l) 6. fundur Samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 27. okt. s.l. liður 2 þarfnast umfjöllunar.

Liður 2 1510063 - Niðurrif gamla leikskólahúss.

Fyrir liggur ósk frá Eignaumsjón Rangárþings ytra um heimild til að fjarlægja gamla leikskólahúsið Mýrarkot á Laugalandi gegn því að mega hirða og nýta það sem heillegt er af þaki hússins. Öll tilskilin leyfi liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða og samráðsnefnd leggur áherslu á að verkinu verði lokið fyrir vorið 2016.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

m) 7. fundur Samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 4. nóv. s.l. liður 2 þarfnast umfjöllunar.

Liður 2. 1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps. Tillögur um byggðasamlög og rammasamkomulag á endanlegu formi.

Íbúafundur var haldinn þann 31. október s.l. þar sem kynntar voru tillögur að rammasamkomulagi um samstarf sveitarfélaganna, endurskoðuðum samþykktum Húsakynna bs. og Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. og samþykktir fyrir nýtt byggðasamlag Odda bs. Ágætlega var mætt á íbúafund og góðar umræður. Samráðsnefnd telur að texti fyrir rammasamkomulag og samþykktir fyrir byggðasamlögin sé nú tilbúinn fyrir fyrri umræðu í sveitarstjórnnum. Vinna þarf meira í þjónustusamningum sem fylgja sem viðaukar þannig að þeir geti komið til afgreiðslu samhliða fyrrgreindum tillögum á fundi sveitarstjórna í desember n.k.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við tillögur að rammasamkomulagi um samstarf sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárþings ytra. Lagt er til að rammasamkomulag um samstarf sveitarfélaganna verði tekið til seinni umræðu á næsta fundi hreppsnefndar samhliða þjónustusamningum sem lagðir verða fyrir á næsta hreppsnefndarfundi. Samþykkt.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við endurskoðaða útgáfu samþykta Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. Byggðasamlag um eignir og rekstur sameiginlegrar vatnsveitu sveitarfélaganna.

Hreppsnefnd

Hreppsnefnd felur KÖ umboð til að greiða atkvæði með breytingartillögunni á aukaaðalfundi Vatsnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. 23. nóvember nk. Samþykkt.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við endurskoðaða útgáfu samþykka Húsakynna bs. Byggðasamlag um allar sameiginlegar fasteignir sveitarfélaganna. Hreppsnefnd felur KÖ umboð til að greiða atkvæði með breytingartillögunni á aukaaðalfundi Húsakynna bs. Samþykkt.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi samþykktir fyrir byggðasamlagið Odda bs. Deildaskipt byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna, þ.e. Leikskólann Laugalandi, Heklukot Hellu, Laugalandsskóla og Grunnskólann Hellu. Lagt er til að samþykktirnar verði teknar til seinni umræðu á næsta fundi hreppsnefndar. Samþykkt.

6. Samþykktir Ásahrepps – endurskoðun

Sveitarstjóri kynnti tillögu að endurskoðaðri útgáfu af samþykktum um stjórn og fundarskóp Ásahrepps. Lagt er til að samþykktirnar verði teknar til seinni umræðu á næsta fundi hreppsnefndar. Samþykkt.

7. Endurgreiðsla vegna bæjarlýsingar 2015

Gerð tillaga að endurgreiðslu vegna bæjarlýsingar 54.000 kr. fyrir tvo ljósastaura á hvert heimili þar sem skráð er búseta. Samþykkt.

8. Næsti fundur hreppsnefndar

Samþykkt að næsti fundur hreppsnefndar verði miðvikudaginn 9. des. nk. kl. 09:00.

Til kynningar:

- A. 145. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Rangæinga, haldinn 4. nóv. sl.
- B. Sprengisandslína 220 kV, tillaga að matsáætlun.
- C. Æskulýðsrannsókn, Ungt fólk 2015.
- D. Ástand gróðurs og umferðaröryggi.
- E. Búrfellslundur-kynning á mati á umhverfisáhrifum.
- F. Tíund-álagning einstaklinga 2015, Heimagisting.
- G. Opið málþing á Akureyri um aðgerðir gegn ofbeldi í nánum samböndum, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á landsbyggðunum.
- H. Fundargerð 830. fundar stjórnar sambandsins.
- I. Fundargerð 831. fundar stjórnar sambandsins.
- J. Úthlutanir úr Jöfnunarsjóði.
- K. Dagur leikskólans og Orðsporið 2016.
- L. Talnarýnir -Ýmsar lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga.
- M. Ályktanir Landsþings Landssamtakanna Proskahjálpar 2015.
- N. Breytingar á aðalnámskrá grunnskóla, kaflar 9.4, 9.5 og 18.4
- O. BJJ kynnti ferð með fulltrúum frá Vatnajökulsþjóðgarði og Umhverfisstofnun í Hrauneyjar.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.
Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:10